

FRÉTTATILKYNNING

FRÁ

ARCTIC CIRCLE

Grænlandsþing Arctic Circle

Í dag, 17. maí 2016, hefst í Nuuk, höfuðstað Grænlands, þing sem Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle efnir til í samstarfi við landstjórnina á Grænlandi. Þingið sækja 350 fulltrúar frá 20 löndum, m.a. fjöldi sérfræðinga, vísindamanna, stjórnámálamanna, forystumanna í atvinnulífi og embættismenn frá Íslandi, Kanada og fleiri löndum.

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson, Kim Kielsen formaður grænlenku landsstjórnarinnar og Okalik Eegeesaik formaður Ínúítaráðsins flytja ræður við setningu þingsins í dag.

Meðal þátttakenda í Grænlandsþinginu eru fjölmargir forsystumenn samtaka frumbyggja á Norðurslóðum og þátttakendur frá grænlenkum stjórnvöldum, sveitarfélögum, fyrirtækjum og fræðasamfélagi. Síðasta dag þingsins verða haldnar sérstakar málstofur í Háskóla Grænlands.

Þingið er hið þriðja í röðinni af svokölluðum Arctic Circle Forums sem Hringborð Norðurslóða efnir til auk hins fjölmenna alþjóðþings Arctic Circle sem haldið er í Reykjavík í október á hverju ári. Fyrri þingin tvö voru í fyrra í Alaska og í Singapúr.

Á þinginu á Grænlandi verður fjallað um fjölmarga þætti atvinnulífs á Norðurslóðum: Ferðapjónustu, siglingar, flugsamgöngur, fiskveiðar og aðra nýtingu auðlinda sjávar sem og nýtingu náttúrurauðlinda á landi, fjárfestingar á Norðurslóðum og eflingu innviða.

Þá verður einnig rætt um hvernig uppbygging atvinnulífs á Norðurslóðum getur nýst samfélögum frumbyggja og um rétt íbúanna til að njóta ávinnings af þróuninni á komandi árum.

Á málstofunum í Háskóla Grænlands verður einkum rætt um nýsköpun og þróun menntunar.

Heildardagskrá Arctic Circle Greenland Forum má nálgast á heimasíðu Arctic Circle, www.arcticcircle.org

Nánari upplýsingar um Grænlandsþing Arctic Circle veita Sigríður Huld Blöndal í síma 868 6598, netfang: sigridur@arcticcircle.org og Dagfinnur Sveinbjörnsson, netfang: dagfinnur@arcticcircle.org